

(Ég lifi og ég veit-2)

ber, ég dey, þeg - ar kom - in er stund - in, ég dey, þeg - ar

á - bat - i dauð - inn er mér, ég dey, þeg - ar lausn - in mér

hent - ust er og ei - lífs lífs upp - spretta' er fund

in, og ei - lífs lífs upp - spretta' er fund - - in. *D.C. al Fine*

ÉG LIFI OG ÉG VEIT

Ég lifi' og ég veit, hve löng er mín bið,
 ég lifi', uns mig faðirinn kallar,
 ég lifi' og ég bíð, uns ég leysist í frið,
 ég lifi sem farþegi sjóinn við,
 uns heyrí' eg, að Herrann mig kallar.

Ég dey og ég veit, nær dauðann að ber,
 ég dey, þegar komin er stundin,
 ég dey, þegar ábati dauðinn er mér,
 ég dey, þegar lausnin mér hentust er
 og eilífs lífs uppspretta' er fundin.

Ég ferðast og veit, hvar mín för stefnir á,
 ég fer til guðs himnesku landa,
 ég fer, uns ég verð mínum frelsara hjá
 og frammar ei skilnaðarsorgin má
 né annað neitt ástvinum granda.

Ég lifi nú þegar í Drottni í dag,
 ég dey, svo að erfi ég lífið,
 ég ferðast mót eilífum unaðarhag.
 Hví er þá mín sál ei með gleðibrag?
 Ég á þegar eilífa lífið.